

Þriðjudaginn 6. nóvember 1990.

Nr. 85/1990.

**Landbúnaðarráðherra og
sauðfjársjúkdómanefnd**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

Gunnari Oddssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

og gagnsök.

Stjórnvaldsákvörðun. Sauðfé.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. mars í ár. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um annað en málskostnað og gagnáfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars í ár og krefst þess, að ógilt verði með dómi ákvörðun landbúnaðarráðherra frá 11. október 1989, sbr. bréf hans 27. október s.á., um að skera niður sauðfé í eigu og umráðum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Kemur þar m.a. fram, á hve mörgum bæjum á landinu hefur greinst riðuveiki í fé árin 1983 - 1990 og hvar hefur verið skorið niður vegna riðuveiki frá árinu 1983. Ómótmælt er, að fé hefur verið skorið niður á öllum bæjum, þar sem riðuveiki hefur greinst frá 1983 til og með 1989, nema hjá gagnáfrýjanda og tveimur öðrum fjáreigendum, sem hafa neitað niðurskurði.

Þá kemur fram af þessum nýju gögnum, að 15. október sl. sendi Einar Otti Guðmundsson héraðsdýralæknir rannsóknarbeiðni til Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði að Keldum. Send voru sýni úr 26 gömlum ám og 2 fullorðnum hrútum, sem tekin voru við lögum fjárins að Flatatungu. Páll A. Pálsson, fyrrverandi yfir-

dýralæknir, skoðaði vefjasneiðar úr kindunum. Í vottorði hans frá 24. október sl. segir:

„... Vefjasneiðar þessar voru merktar 622/1-28. Þær voru úr mænuólfi kinda og höfðu verið litaðar með venjulegri Haematoxylin-Eosin-aðferð. Vefurinn var vel varðveittur og litun jöfn og góð.

Við skoðun fundust ekki bólgubreytingar í sýnunum. Hinsvegar fundust í sumum þeirra (7 alls) greinilegar hrörnunarbreytingar með hringlaga holrúmunum í taugafrumum, en slíkar breytingar eru almennt taldar sérkennandi fyrir riðuveiki. Í öðrum sneiðum fundust þessar breytingar ekki. ...“

II.

Í 4. mgr. 1. gr. laga nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 12/1967, er svo mælt fyrir, að ef riðuveiki veldur eða er líkleg til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, geti landbúnaðarráðherra ákveðið, að fyrirmæli laganna nái einnig til þess sjúkdóms, eftir því sem við eigi. Samkvæmt ákvæðinu er niðurskurður ein þeirra ráðstafana, sem hann getur þá gripið til. Nánari tilhögun þessara ráðstafana skal ákveða með reglugerð. Um riðuveiki gildir nú reglugerð nr. 556/1982. Samkvæmt 2. gr. þessara sömu laga er markmið framkvæmda þeirra, sem lögin fjalla um, að hindra útbreiðslu sjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra. Í 42. gr. laga nr. 23/1956 eru nánari fyrirmæli um niðurskurð sauðfjár. Þar segir: „Nú telur sauðfjársjúkdómanefnd nauðsynlegt að útrýma sauðfjársjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, og skal hún þá senda landbúnaðarráðherra rökstuddar tillögur þar um. Getur ráðherra þá fyrirskipað niðurskurð, hvort sem atkvæðagreiðsla hefur farið fram á svæðinu eða ekki. ...“ Samkvæmt ákvæðinu metur sauðfjársjúkdómanefnd, hvort nauðsyn er niðurskurðar á sýktu eða grunuðu svæði. Með hliðsjón af ákvæðum 4. mgr. 1. gr. og 2. gr. laganna á sauðfjársjúkdómanefnd því að meta, hvort riðuveiki veldur eða er líkleg til að valda stórfelldu tjóni og hverjar af heimiludum framkvæmdum séu best til þess fallnar að hindra útbreiðslu eða vinna að útrýmingu sjúkdómsins. Mat nefndarinnar nær þannig m.a. til þess, hve niðurskurður þarf að ná til stórs svæðis. Ákvæði reglugerðar nr. 556/1982 mæla fyrir

um nánari framkvæmd niðurskurðar, en verða ekki skilin svo, að þau þrengi heimildir laganna. Fallast ber því á það með aðaláfrýjanda, að lagaheimild hafi verið fyrir niðurskurði fjár á jörð gagnáfrýjanda.

III.

Riða greindist í tveimur kindum gagnáfrýjanda haustið 1987 og einni í janúar 1988. Hann gaf kost á því strax haustið 1987, að fé hans yrði fargað. Ekki var gengið til samninga við hann það haust, þar sem greiðslur vegna niðurskurðar voru komnar fram úr fjárveitingu. Til að draga úr smithættu fargaði hann þó í samráði við sérfræðing sauðfjársjúkdómanefndar og héraðsdýralækni 21 kind. Riðueinkenni fundust ekki í þeim. Í lok maí 1988 var gagnáfrýjanda sent samningseyðublað vegna væntanlegs niðurskurðar haustið 1988. Fram að þeim tíma hafði hann í samtölum við sérfræðing sauðfjársjúkdómanefndar talið sig reiðubúinn til að skera fé sitt. Ekkert varð hins vegar úr því, að hann undirritaði samningseyðublaðið. Segir hann, að það hafi hann ekki gert, þar sem því hafi ekki fylgt neitt bréf og enginn, sem heimild hafði til samninga, hafi haft samband við sig.

Í héraðsdómi eru rakin samskipti gagnáfrýjanda og sauðfjársjúkdómanefndar síðan. Kemur þar fram m.a., að um miðjan apríl 1989 var honum skýrt frá samþykkt nefndarinnar frá 5. september 1988 um, að mælt sé með því, að öllum hjörðum, þar sem riða hafi verið staðfest 1983 eða síðar, verði fargað í síðasta lagi haustið 1989. Þá var honum með bréfi 25. apríl 1989 sent nýtt samningseyðublað til undirritunar. Hinn 2. júlí 1989 ritaði hann nefndinni bréf, þar sem fram kemur, að hann er ekki lengur reiðubúinn til að farga fé sínu og óskar eftir afriti af samþykktinni 5. september 1988 og rökstuðningi nefndarinnar um málið við ráðherra. Þá héldu sérfræðingur og framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar fund með gagnáfrýjanda og oddvita Akrahrepps 2. september 1989, án þess að samkomulag yrði. Loks var haldinn fundur 26. september 1989 með gagnáfrýjanda og landbúnaðarráðherra. Fundinn sátu einnig aðstoðarmaður ráðherra og lögfræðingur ráðuneytisins svo og formaður, framkvæmdastjóri og sérfræðingur sauðfjársjúkdómanefndar.

Með bréfi 11. október 1989 fór sauðfjársjúkdómanefnd þess á

leit við landbúnaðarráðherra með vísan til samþykktarinnar frá 5. september 1988, að hann fyrirskipaði niðurskurð á öllu sauðfé í eigu og umráðum gagnáfrýjanda. Sama dag staðfesti ráðherra tillögu nefndarinnar með vísan til 42. gr. laga nr. 23/1956 og reglugerðar nr. 556/1982. Gagnáfrýjanda var tilkynnt þessi ákvörðun ráðherra með bréfi 27. október 1989. Í bréfinu er vitnað til fundar ráðherra með gagnáfrýjanda.

Með tilliti til þess, að hér var um að ræða aðgerðir, sem miða áttu að því að hindra útbreiðslu smitsjúkdóms og vinna að útrýmingu hans, verður að fallast á það með gagnáfrýjanda, að aðgerðir sauðfjársjúkdómanefndar varðandi fjárstofn hans hafi í byrjun verið ómarkvissar og rökstuðningur fyrir niðurskurði hjarðar hans mátt vera skýrari í bréfi ráðherra til hans. Þegar hins vegar er litið til endurtekinnar tilkynninga og funda með honum, áður en til ákvörðunar ráðherra kom, verður ekki annað sagt en honum hafi verið kynntar skoðanir sauðfjársjúkdómanefndar og hann átt þess kost að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við nefndina og ráðherra.

Að ofangreindum sjónarmiðum athuguðum verður að fallast á það með aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi hafi ekki sýnt fram á neina þá annmarka á ákvörðun ráðherra frá 11. október 1989, sem geti varðað því, að hún sé ekki gild gagnvart honum. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

IV.

Í þinghaldi 9. janúar 1990, við upphaf aðalflutnings, var af hálfu beggja aðila lagður fram fjöldi nýrra skjala. Kemur ekki fram, að dómara og gagnaðilar hafi áður haft færi á að kynna sér þessi skjöl. Þá var í lok þessa þinghalds bókað, að því væri frestað til kl. 18.45 til munnlegs málflytninga. Munnlegur flutningur málsins fór þó ekki fram fyrr en 30. janúar 1990, og voru þá enn lögð fram nokkur skjöl í upphafi þinghalds. Þessi málsmeðferð er í andstöðu við þá meginreglu, að aðalflutningur fari fram samfellt og að skjöl séu lögð fram svo snemma, að dómara og gagnaðilar geti kynnt sér þau áður. Þessi málsmeðferð hefur ekki verið réttlætt.

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Skagafjarðarsýslu 1. mars 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum máflutningi 30. janúar sl., er höfðað fyrir aukadómþinginu 9. nóvember 1989 með kröfu stefnanda, Gunnars Oddssonar, Flatatungu, Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu, um fyrirtöku málsins, og mættu umboðsmenn varnaraðila, landbúnaðarráðherra og sauðfjársjúkdómanefndar, Reykjavík, óstefndir og samþykktu þá kröfu.

Stefnandi gerir þá dómkröfu, að ógilt verði með dómi sú ákvörðun landbúnaðarráðherra frá 11. október 1989, sbr. bréf hans, dags. 27. október 1989, að skera eigi niður sauðfé í eigu og umráðum stefnanda. Jafnframt krefst hann málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaður dráttarvexti frá aðfararhæfi dóms til greiðsludags.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Þann 9. janúar sl. komu fyrir dóminn og gáfu skýrslu vitnin Páll A. Pálsson, fyrrv. yfirdýralæknir, Sigurður Sigurðarson dýralæknir, sérfræðingur sauðfjársjúkdómanefndar; Steinn Steinsson dýralæknir og Kjartan Blöndal, framkvæmdastjóri sauðfjárveikivarna og sauðfjársjúkdómanefndar, auk þess sem stefnandi gaf aðilaskýrslu.

Málsatvik.

Stefnandi er sauðfjárþóndi í Flatatungu í Skagafirði. Að hans frumkvæði voru send þrjú sýni úr sauðfjárstofni hans til greiningar að Keldum. Tilraunastöð háskólans í meinafræði, vegna grunar um riðu, hið fyrsta 27. október 1987, og var það úr tveggja vetra gömlum hrút, annað var innfært á Keldum 10. nóvember s.á. og hið þriðja 24. febrúar 1988 úr kind, sem slátrað var í lok janúar 1988. Tvö síðustu sýnin voru úr tveggja vetra gömlum kindum. Fyrsta og annað sýnið voru úr skepnum undan sama hrútnum. Greinileg riðueinkenni fundust í öllum sýnunum.

Stefnandi gaf kost á því, að fé hans yrði fargað strax haustið 1987, er riða hafði greinst, með því skilyrði, að honum yrðu bætt hey að hálfu. Formaður sauðfjársjúkdómanefndar tjáði stefnanda, að ekki væri fallist á heybætur. Ekki var gengið til samninga við stefnanda árið 1987, þar sem greiðslur vegna niðurskurðar voru komnar fram úr fjárhagsáætlun.

Til að draga úr hugsanlegri smithættu, á meðan beðið var allsherjar-niðurskurðar, ákvað stefnandi í samráði við Sigurð Sigurðarson, sérfræðing sauðfjársjúkdómanefndar, og Stein Steinsson, þáverandi héraðsdýralækni, að lóga 21 kind. Þær tvær kindur, sem sýktust fyrst, voru undan sama hrút, og var honum nú fargað ásamt 20 afkvæmum hans, tvævetrum. Ekki greindust riðueinkenni í sýnum úr þessum kindum, og ekki hefur borist tilkynning frá stefnanda um grun um riðuveiki í einstökum kindum frá janúarlokum 1988.

Í lok maí 1988 var stefnanda sendur samningur til undirritunar vegna væntanlegs niðurskurðar á sauðfé hans það haust. Í þeim samningi er m.a. kveðið á um bætur vegna niðurskurðar sökum riðu og fjárleysis í framhaldi af niðurskurði í tiltekinn tíma auk fyrirmæla um sóttþreinsun, banns við sölu á heyi o.fl. Fram að þessum tíma hafði stefnandi tjáð sig reiðubúinn til niðurskurðar hið fyrsta, og kom sá vilji hans einkum fram í samtölum við Sigurð Sigurðarson, sérfræðing sauðfjársjúkdómanefndar, sem var helsti tengiliður nefndarinnar við stefnanda án þess þó að hafa umboð til samninga. Ekkert varð hins vegar úr því, að stefnandi undirritaði hina stöðluðu samningsskilmála sauðfjárveikivarna varðandi niðurskurð á sauðfé í Flatatungu haustið 1988.

Um miðjan apríl 1989 hafði Kjartan Blöndal, framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar, samband við stefnanda og skýrði honum frá samþykkt nefndarinnar frá 5. september 1988, þar sem nefndin mælir með því, að öllum hjörðum, þar sem riða hafi verið staðfest 1983 eða síðar, verði fargað í síðasta lagi haustið 1989.

Með vísan til fyrra samtals sendir Kjartan stefnanda nýjan samning til undirritunar með bréfi, dags. 25. apríl 1989, þar sem fram kemur m.a., að sauðfjársjúkdómanefnd hafi með hliðsjón af samþykktinni frá 5. september 1988 falið framkvæmdastjóra sínum að óska eftir fyrirskipun landbúnaðarráðherra um niðurskurð, þar sem þörf krefji, ef samningar náist ekki. Síðan segir í bréfinu: „Samkvæmt fyrirmælum sauðfjársjúkdómanefndar verður ekki komist hjá því að farga fjárstofni yðar nú í haust, og er það von okkar, að frjálsir samningar takist, svo að ekki þurfi að koma til fyrirskipun um niðurskurð.“

Þann 2. júlí 1989 ritar stefnandi sauðfjársjúkdómanefnd bréf, þar sem fram kemur m.a., að hann sé ekki lengur reiðubúinn til samninga um förgun fjár síns og óski eftir afriti af samþykktinni frá 5. september 1988 ásamt rökstuðningi nefndarinnar varðandi „túlkun málsins við ráðherra“. Enn fremur óskar hann samkomulags við nefndina um eftirlit sérfræðings með hjörð sinni og kveðst reiðubúinn til samninga um förgun fjárins, haldi veikin áfram, en gerir fyrirvara um ákvæði slíks samnings.

Nefndin tekur erindi stefnanda fyrir á fundi sínum 30. ágúst 1989, þar

sem áhersla er lögð á að ná samningum um niðurskurð á fjárbúi stefnanda það haust, og er sérfræðingi og framkvæmdastjóra nefndarinnar falið að sjá um framkvæmdina. Héldu þeir fund með stefnanda og oddvita Akrahrepps 2. september s.á., þar sem fram kom, að hreppsnefnd Akrahrepps óskaði ekki eftir, að fjárbúi stefnanda yrði fargað um haustið. Ekki tókust samningar á fundinum.

Þann 26. september 1989 er haldinn fundur með stefnanda ásamt ráðherra, aðstoðarmanni hans, Jóni Höskuldssyni, lögfræðingi ráðuneytisins; og formanni, framkvæmdastjóra og sérfræðingi sauðfjársjúkdómanefndar. Ekki náðust samningar.

Með bréfi, dags. 11. október 1989, fer sauðfjársjúkdómanefnd þess á leit við landbúnaðarráðherra með vísan til samþykktarinnar frá 5. september 1988, að hann fyrirskipi niðurskurð sauðfjár í eigu og umráðum stefnanda. Sama dag staðfestir ráðherra tillögu nefndarinnar um niðurskurð á öllu sauðfé stefnanda og fleiri aðila fyrir 1. nóvember 1989 með vísan til 42. gr. laga nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, sbr. reglugerð nr. 556/1982 um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og kylapestar í sauðfé og geitum.

Með bréfi, dags. 27. október 1989, er stefnanda tilkynnt um þá ákvörðun ráðherra, að öllu sauðfé í hans eigu verði fargað með niðurskurði eigi síðar en 21. nóvember 1989, en fresturinn hafði verið framlengdur með bréfi, rituðu sama dag.

Málsástæður og lagarök.

Málsóknarheimild sína byggir stefnandi á 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 frá 17. júní 1944, þar sem kveðið er á um, að dómara skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Telur stefnandi, að ekki skipti máli samkvæmt ákvæðinu, hvort ágreiningur er lagður fyrir dómstóla, fyrir eða eftir að ákvörðun yfirvalds er framfylgt.

Þá heldur stefnandi því fram, að 42. gr. laga nr. 23 frá 10. mars 1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, sbr. reglugerð nr. 556/1982, veiti ekki heimild til þeirra þvingunaraðgerða, sem ráðherra hafi ákveðið að beita. Slíkri aðgerð skuli því aðeins beita, að hætta sé á, að sjúkdómurinn valdi stórfelldu tjóni, sbr. 1. gr. áður-nefndra laga, en því sé ekki til að dreifa hjá stefnanda, enda engin merki þess, að riða sé nú í fé hans. Lög nr. 23/1956 eigi einungis við, ef veikin er komin á hættulegt stig. Þeim hafi aldrei verið ætlað að taka til þess, er riðuveiki stingi sér niður, eins og hún hafi gert sl. 100 ár.

Einnig vill stefnandi halda því fram, að ráðherra hafi ekki heimild, hvorki í lögum nr. 23/1956 né öðrum settum lögum eða réttarheimildum, til þess að fyrirskipa og láta framkvæma þá athöfn, er krafist er ógildingar á.

Ákvörðun ráðherra um niðurskurð hjá stefnanda hafi ekki verið birt með formlega réttum hætti, þar eð telja verði nauðsynlegt, að ákvarðanir ráðherra um niðurskurð á tilteknum svæðum verði að birta í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði eins og aðrar stjórnvaldsákvarðanir, er eigi að hafa almennt gildi, eða a.m.k. með stefnuvottum eða öðrum formlegum hætti gagnvart viðkomandi.

Stefnandi bendir á, að riðuveiki sé hæggengur sjúkdómur og ekki bráðsmitandi. Meðgöngutími sjúkdómsins geti verið 1/2 til 10 ár. Ekki hafi sjúkdómsins orðið vart í fé stefnanda, ef undan séu skildar þær þrjár kindur, sem voru með einkennin á sínum tíma, þrátt fyrir það að tekin hafi verið sýni úr fleiri kindum.

Stefnandi telur fé sitt ekki hafa samgang við annað fé en féð á nágranna-jörðinni Keldulandi. Varðandi samgang fjár að öðru leyti bendir stefnandi á, að ekki sé sameiginlegur afréttur við aðrar jarðir í Skagafirði, þar sem fé hans gangi í heimalandi, afgirtu með girðingu eða af náttúrunnar hendi, og heimaafrétt. Aðstæður séu því þannig, að smit geti ekki átt sér stað með samgangi búfjár.

Stefndu hafi aldrei gefið stefnanda nein fyrirmæli um meðferð fjár síns og ekki bannað honum sölu á liflömbum eða öðru fé á fæti og ekki sett fé hans í sóttkví, heldur þvert á móti neitað að taka þátt í sóttvarnaaðgerðum, sem þó sé skylt að lögum, ef um farsótt sé að ræða. Stefnanda hafi ekki heldur verið bannað að selja hey af jörð sinni.

Stefndu byggja málsvörn sína einkum á 42. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23/1956. Stefnu halda því fram, að riðuveiki sé ólæknandi veirusjúkdómur og að eina ráðið í baráttunni gegn henni sé niðurskurður. Riðuveiki í fjárstofni stefnanda sé líkleg til að valda stórfelldu tjóni, sbr. 1. gr. i.f., og því sé ráðherra heimilt skv. 42. gr. sömu laga að fyrirskipa niðurskurð.

Stefndu telja augljósa hættu á stórfelldu tjóni felast í því, ef riðuveiki haldist við á ákveðnum stað með tilheyrandi smithættu, þegar litið sé til þess, að á síðustu árum hafi gífurlegri fyrirhöfn og fjármunum verið varið í baráttuna gegn riðuveiki. Sérhagsmunir stefnanda ráði því ekki, hvort líkur séu á stórfelldu tjóni. Ef svo færi, að veikin bærist aftur til svæða, þar sem fjárskipti hafi verið framkvæmd eða sýkin hafi ekki fundist á, fælist í því stórfellt tjón.

Við munnlegan flutning málsins var lögð áhersla á það af hálfu hinna stefndu, að þegar hefðu 600 bændur samþykkt niðurskurð og að ef einn skærast úr leik, gæti hann eyðilagð þann árangur, sem aðrir hefðu lagt svo mikið í sölurnar fyrir.

Stefndu telja allar líkur benda til þess, að veikina sé enn að finna í hjörð stefnanda, enda sé það í samræmi við reynslu þeirra, er gerst þekkjja. Bent er á, að kind sé smitberi, áður en einkenni komi fram, og að meðgöngutími

sjúkdómsins geti verið mörg ár. Þess beri sérstaklega að gæta, að mótstaða einstakra kinda og ætta sé mismikil.

Telja megi víst, að í hjörð stefnanda hafi verið kind, sem smitað hafi hinar þrjár, sem greindust með riðu, og allt bendi til, að hún hafi smitað fleiri kindur. Einnig er bent á, að síðasta riðuveika kindin, sem fannst hjá stefnanda, hafi verið á húsi í nokkrar vikur, og því hafi hún augljóslega verið smitberi við þær aðstæður, er smithættan er talin vera mest.

Niðurstöðuna af framansögðu telja stefndu vera þá, að heimildir ráðherra til að ákveða niðurskurð á fé stefnanda á grundvelli laga nr. 23/1956 svo og almennra stjórnvaldsfyrirmæla, sem sett séu með heimild í þeim lögum, séu ótvírætt fyrir hendi. Eins og mál þetta sé vaxið, geti dómstóll ekki ónýtt þá ákvörðun. Við aðalflutning málsins var því haldið fram af hálfu stefndu, að ákvörðun ráðherra byggdist á teygjanlegu lagaatriði, sem stjórnvöld hefðu fullnaðarmat um.

Varðandi fullyrðingu stefnanda um hverfandi samgang fjár hans við annað fé í Skagafirði telja stefndu ljóst af lýsingum á aðstæðum, að fé stefnanda geti gengið saman við fé nágrannabæja á Kjálka. Alls ekki sé heldur útilokað, að fé stefnanda komist út fyrir það svæði og þar með, að fé annars staðar frá geti gengið saman við fé stefnanda. Við aðalflutning málsins kom fram af hálfu stefnanda, að kindur úr hjörð hans hefðu komist vestur yfir Jökulsá síðastliðinn vetur, að þrjár af kindum hans hefðu komið fram í Silfrastaðarétt síðastliðið haust og að kindur frá Flatatungu geti komist norður í Öxnadal. Til þessa framburðar var vitnað í málflutningi stefndu.

Varðandi þá málsástæðu stefnanda, að birta hefði þurft ákvörðun ráðherra um niðurskurð hjá stefnanda í Lögbirtingablaði eða Stjórnartíðindum, benda stefndu á, að hér sé um stjórnarathöfn að ræða, sem beint sé að stefnanda sérstaklega, og að hún sé sannanlega komin til vitundar hans, enda hafi öðru ekki verið haldið fram. Sjónarmið um birtingu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eigi því ekki við hér.

Varðandi þá staðhæfingu stefnanda, að honum hafi ekki verið gefin fyrirmæli um meðferð fjár síns og ekki bannað að selja hey sitt, benda stefndu á, að um þessi efni séu fyrir hendi almenn, birt stjórnvaldsfyrirmæli, auk þess sem stefnanda hafi verið sendur samningur frá sauðfjárveikivörnum, þar sem þessi atriði séu tiunduð.

Réttarheimildir og lögskýringargögn.

Lög nr. 23 frá 1956 eiga rót sína að rekja til laga nr. 75 frá 1941 um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjárjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim. Þau lög áttu að sínu leyti rót að rekja til eldri löggjafar um varnir gegn útbreiðslu mæðiveiki og garnaveiki og voru

leyst af hólmi með lögum nr. 44/1947 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra. Tilfni þeirrar lagasetningar var einkum hinar skæðu fjárpestir, mæðiveiki og garnaveiki, sem mjög herjuðu á íslenskt sauðfé. Markmið laganna var því fyrst og fremst að hindra útbreiðslu og vinna að útrýmingu þeirra sjúkdóma með fjárskiptum innan lands, eins og fram kemur í 2. gr. laga 44/1947. Sú aðferð gafst vel í baráttunni við mæðiveikina, og tókst að útrýma henni með niðurskurði og fjárskiptum, sem lauk árið 1952.

Lög nr. 44/1947 voru felld úr gildi með lögum nr. 23 10. mars 1956, sem eru núgildandi lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, en þeim hefur verið breytt með lögum nr. 12 frá 28. mars 1967, nr. 75 frá 13. maí 1982 og nr. 108 frá 29. desember 1988. Í 1. gr. laga 23/1956, sbr. l. 2/1967, segir, að ef aðrir næmir áður óþekktir sauðfjársjúkdómar komi upp hér á landi, geti landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laganna nái einnig til þeirra, eftir því sem við eigi. Í 2. mgr. 1. gr. er nýmæli, þar sem riðuveiki er sérstaklega nefnd. Ef riðuveiki (neurotrop virus) veldur eða er talin líkleg til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, er landbúnaðarráðherra heimilað að ákveða með reglugerð, að fyrirmæli laganna nái til hennar, eftir því sem við eigi, þar á meðal um niðurskurð.

Í lögskýringargögnum er að finna nokkrar upplýsingar um tilurð þessara ákvæða. Þannig kemur fram í málflutningi eins af flutningsmönnum frumvarpsins, að ekki eigi það sama við um ráðstafanir til að hefta útbreiðslu þessara sjúkdóma nema að nokkru leyti og um ráðstafanir til að hefta útbreiðslu garnaveiki og mæðiveiki (Alþt. B 1955, bls. 746). Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a.: „Riðuveiki og jafnvel kýlapest hafa á sumum stöðum gert bændum stórtjón, en auk þess eru þær oft mjög smitandi og geta breiðst út. Má fullyrða, að nauðsynlegt sé, að ráðherra hefði heimild til að láta framkvæma niðurskurð á einstökum bæjum gegn uppeldisstyrk eða einhvers konar aðstoð til þess að draga úr útbreiðsluhættu, en jafnframt styrkja þá, er verða fyrir tjóni af völdum þessara sjúkdóma.“ (Alþt. A 1955, bls. 554).

Núgildandi reglugerð um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og kýlapestar í sauðfé og geitum er nr. 556 24. september 1982, og leysti hún af hólmi reglugerð nr. 110 18. júlí 1957. Í fyrrnefndu reglugerðinni var ákvæði í 5. gr., sem heimilaði sauðfjársjúkdómanefnd að fyrirskipa niðurskurð alls sauðfjár á einstökum bæjum í þeim tilvikum, er veikinnar yrði vart í héraði, þar sem hún hefði ekki verið kunn áður, eða ef veikin ylli sérstaklega stórfelldu tjóni á einstöku bæ eða bæjum. Í 6. gr. núgildandi reglugerðar er hliðstætt ákvæði með nokkrum orðalagsbreytingum, en nú er það ráðherra, sem fyrirskipar niðurskurðinn í áðurgreindum tilvikum að fengnum tillög-

um sauðfjársjúkdómanefndar, og í stað orðalagsins: „... veldur sérstaklega stórfelldu tjóni á einstöku bæ eða bæjum“ — er komið orðalagið: „...veldur verulegu tjóni á einstökum bæjum ...“. Þá eru og fyrirsmáli um tímabundið fjárleysi nýmæli í 6. gr. gildandi reglugerðar.

Baráttan við riðuveikina.

Meðal málgagna eru athugasemdir Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis, dags. 26. október 1989 og 1. desember 1989, og bréf landbúnaðarráðuneytisins til ríkislögmans, dags. 27. nóvember 1989. Í gögnum þessum er rakin þróun þeirra aðgerða, sem beitt hefur verið í þeim tilgangi að útrýma riðuveiki, en sú þróun helst í hendur við stefnubreytingar stjórnvalda og aukna þekkingu manna á sjúkdómnum. Þar kemur fram, að árið 1978 verða afgerandi þáttaskil í stefnu stjórnvalda og þá um leið stefnubreyting í baráttunni gegn riðuveiki. Ákveðið var að lóga, í samráði við bændur, þeim fjárhópum, þar sem veikin kæmi upp í áður ósýktum varnarhólfum. Jafnframt var ákveðið að halda veikinni í skefjum á sýktum svæðum með ýmsum öðrum aðferðum en niðurskurði.

Nýr áfangi hófst árið 1986, og var stefnan þá sú að vinna markvisst að því að fækka riðuhjörðum á landinu öllu. Teknir skyldu fyrir allir sýktir bæir, en ósýktir skildir eftir á svæðum, sem unnt væri að afmarka á einhvern hátt. Ekki var um það að ræða að lóga öllu fé í heilum varnarhólfum, eins og gert var til útrýmingar mæðiveikinni.

Á fundi sauðfjársjúkdómanefndar hinn 25. mars 1987 samþykkti nefndin tillögu um niðurskurð sauðfjár á öllum bæjum, þar sem riða hefði verið staðfest síðustu árin. Gert var ráð fyrir, að þessu átaki myndi ljúka á tveimur árum, þ.e. 1987 og 1988. Af ýmsum ástæðum tókst ekki að framfylgja þessari stefnumörkun á tilsettum tíma, og má þar nefna, að ekki náðist samkomulag við einstaka fjáreigendur og ekki heldur nægilega víðtæk samstaða með bændum á einstökum svæðum.

Aftur á móti taldi nefndin, að nægilega víðtæk samstaða hefði náðst með bændum um land allt árið 1988 til að fylgja aðgerðunum eftir, og var samþykkt nefndarinnar frá 5. september 1988 í samræmi við það. Mælt var með því, að förgun allra hjarða, þar sem riða hefði verið staðfest 1983 eða síðar, yrði lokið í síðasta lagi haustið 1989. Næðist ekki samkomulag við einstaka bændur, yrði skorið niður að fyrirskipun landbúnaðarráðherra. Samkomulag náðist ekki við stefnanda, eins og fram hefur komið, og ráðherra fyrirskipaði því niðurskurð á sauðfjárstofni hans.

Álit dómsins.

Samkvæmt 60. gr. stjórnarskrár hafa dómstólar heimild til að skera úr um lögmæti hinnar umdeildu ákvörðunar.

Ljóst er af framansögðu, að ráðherra hefur ótvíræða heimild til að kveða á um það í reglugerð, að ákvæðum laga nr. 23/1956 um niðurskurð sauðfjár megi beita gegn riðuveiki. Skilyrði þess er, að riðuveiki valdi eða sé líkleg til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé.

Eins og ástatt var við setningu reglugerðarinnar og er enn, þykir enginn efi á, að skilyrði voru til að neyta þessarar heimildar, eftir því sem við átti og með hliðsjón af þeim mun, sem er á riðu annars vegar og þeim sjúkdómum, sem taldir eru í 1. mgr. 1. gr. laganna, þurræði og garna-veiki. Ekki virðist hafa þótt eiga við að láta ákvæði 42. gr. laganna óbreytt ná til riðuveiki, heldur var sá kostur valinn að kveða sérstaklega á um þrengri skilyrði niðurskurðar vegna riðu í 6. gr. reglugerðarinnar, en ákvæði hennar er sú réttarheimild, sem ráðherra má byggja á ákvörðun sína um niðurskurð á sauðfé stefnanda, og verður ekki talið, að í 42. gr. laganna felist víðtækari heimild til handa ráðherra til að fyrirskipa niðurskurð vegna riðuveiki.

Bú stefnanda er á áður staðfestu riðusvæði. Líta verður því til þess áskilnaðar 6. gr. rgl. nr. 556/1982, að riðuveiki valdi verulegu tjóni á einstökum bæjum. Veikin hefur verið staðfest í þrem kindum stefnanda, og hann hefur að auki lógað 21 kind, sem riða greindist ekki í. Það tjón, sem þannig er fram komið, verður tæpast talið verulegt. Þess ber þó að gæta, að með þeim aðferðum, sem notaðar eru við greininguna, er ekki hægt að greina smit fyrr en á lokastigum sjúkdómsins. Hins vegar er álitamál, hvort allar afleiðingar sjúkdómsins í hjörð stefnanda eru komnar fram og hvort tjón af hans völdum verður talið verulegt, þegar allar afleiðingar liggja fyrir.

Þegar reglugerð nr. 556/1982 var sett, höfðu bændasamtökin og yfirvöld landbúnaðarmála ekki tekið upp þá stefnu að útrýma riðuveiki á landinu öllu með niðurskurði fjár, þar sem veikinnar yrði vart. Stefna stjórnvalda var á þessum tíma að halda sýkinni í skefjum með því að lóga í samráði við bændur fjárhópum, þar sem veikin kæmi upp í áður ósýktum varnarhólfum, en halda henni í skefjum, svo sem unnt væri, á sýktum svæðum og búa undir allsherjaraðgerðir. Hinni nýju stefnu, sem tekin var upp árið 1986, hefur ekki verið fylgt eftir með breytingum á almennum fyrirmælum. Ákvæði 6. gr. rgl. 556/1982 þykir bera að skýra með þetta í huga.

Riðuveiki er hægengur smitsjúkdómur í sauðfé. Orsök riðu er smitefni, sem ekki hefur tekist að einangra þrátt fyrir miklar tilraunir. Helstu einkenni smitefnisins eru, að það þolir margs konar sóttþreinsiefni og áreiti, sem fæstar bakteríur og veirur þola. Ekki hefur tekist að rækta smitefnið í vefjarækt, svo að vel sé, eins og hægt er með flestar veirur, og ekki hefur heldur tekist að sýna fram á, að í því sé kjarnsýra. Ónæmissvar eða bólguvar gegn smitefninu er ekki til staðar í sýktum dýrum. Smitefnið

veldur einkennandi skemmdum í taugafrumum, en ekki í öðrum líffærum, þótt það margfaldist víða í líkamanum. Vegna þessa eru einkenni riðu frá miðtaugakerfi, þ.e. skjálfti (riða), kláði, lömun o.s.frv. Eitt aðaleinkenni riðu er hinn langi meðgöngutími, þ.e. sá tími, sem liður frá sýkingu, þar til sjúkdómseinkenni birtast. Er þessi tími oft nokkur ár, en getur orðið vel á annan áratug. Á þessum tíma getur sýktur einstaklingur smitað aðra, þótt engin sjúkdómseinkenni séu komin fram. Smitleiðir riðu eru ekki þekktar nema að hluta. Vitað er, að sýking getur átt sér stað kringum burð frá sýktri á til lambs. Einnig er ljóst, að smitefnið er í munnvatni og slími frá meltingarvegi, sem berst frá dýrum með saur. Getur því smitefnið auðveldlega borist í skrámur og rispur á húð og einnig í vatn og fæðu, einkum ef um sameiginleg vatns- og fôðurilát er að ræða. Kemur þetta vel heim og saman við, að í húsum er miklu meiri smithætta en í haga. Einnig er ljóst, að menn geta borið smit á milli, t.d. á skófatnaði, hönskum eða verkfærum.

Þótt riða sé algengust í sauðfé, er sjúkdómurinn einnig til í geitum og hefur borist fyrir slysi í minka og nautgripi, þar sem þau dýr átu úrgang úr riðusjúku fé, að því er talið er. Í tilraunum hefur tekist að sýkja ýmsar aðrar dýrategundir, svo sem hamstra og mýs. Í mönnum eru til sjúkdómar, sem líkjast mjög riðu. Er það kuru, sem aðeins hefur fundist í einum ættbálki á Nýju-Gíneu, og Creutzfeldt-Jakob- og Gerstmann-Sträussler-syndróm, sem eru til í hinum vestræna heimi. Er talið, að kuru hafi smitast milli manna vegna mannáts, en ekki er vitað um smitleiðir hinna. Ekki er ljóst, hvort samband er milli riðu og þessara mannasjúkdóma, en sjúkdóms- og meinafræðileg mynd er mjög lík.

Á Bretlandseyjum kom fyrir nokkrum árum upp riðufaraldur í nautgripum, sem talið er, að hafi stafað af riðumenguðu fôðri, unnu úr líffærum sauðfjár. Hafa verið miklar umræður um, hvort afurðir nautgripanna séu hættulegar mönnum, þar sem vitað er, að riða getur borist með fæðu í aðrar dýrategundir en sauðfé, eins og fyrr segir. Ekki hefur neysla kjöts verið bönnuð, en strangar reglur eru um meðferð þess, og ekki er heimilt að nota til matargerðar ýmsa vefi, svo sem blóðmyndandi vefi, eitilvef, heila og bein, þar sem vitað er, að mikið er af smitefninu. Margir eru samt hræddir við neyslu nautgripaafurða, og eru dæmi um sérfræðinga, sem hafa með öllu hætt neyslu slíkra afurða og jafnvel hika við að leyfa börnum sínum að drekka kúamjólk. Einnig hefur fólk verið varað við að fást við sýkt dýr vegna hugsanlegrar smithættu. Á þetta einkum við um bændur, dýralækna og ekki síst slátrara. Vegna þessa dæmis um, að riða barst í nautgripi, hafa mörg ríki sett strangar reglur um innflutning hugsanlegra riðusýktra afurða. Ljóst er, að takist ekki að uppræta riðu úr íslensku sauðfé, rýrir það söluverðmæti afurðanna verulega, einkum á erlendum markaði.

Líklega barst riðuveiki til Íslands fyrir aldamót, þrátt fyrir það að sjúkdómurinn hafi ekki verið staðfestur með vefjagreiningu fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld. Lengst af virtist riðan bundin við frekar afmörkuð svæði, einkum norðan lands. Fyrir um 10-20 árum fór svo sjúkdómurinn að stinga sér niður víða á landinu og breiddist hratt út. Á sumum bæjum urðu allt að 25% afföll árlega af sauðfé vegna riðu. Nauðsynlegt var því að gripa til ráðstafana til að hefta útbreiðslu veikinnar, og 1986 var ákveðið að skera niður allar riðusýktar hjarðir á landinu, og markmiðið var að gera landið riðulaust. Hefur fé því verið skorið niður á um 600 bæjum, og eru aðeins örfáir eftir.

Aðferðir í baráttu við riðuveiki eru einkum niðurskurður á hjörðum, þar sem riðusmit hefur verið staðfest. Niðurskurðinum er svo fylgt eftir með hreinsun á húsum og umhverfi. Þetta hefur verið gert í nokkrum löndum með fullnægjandi árangri. Önnur aðferð er að slátra eingöngu veikum kindum og náskyldu fé, svo sem afkvæmum. Þessi takmarkaða niðurskurðaraðferð var notuð hérlendis þar til fyrir nokkrum árum, þegar tekin var ákvörðun um allsherjarátak gegn riðu. Sú aðferð að farga aðeins veiku fé og náskyldu reyndist illa. Sést það best á, að riðusjúkdómurinn hefur breiðst hratt út, á síðustu áratugum. Hugsanlegt er, að þessi takmarkaða niðurskurðaraðferð reynist betur erlendis, þar sem fé er ekki haft á húsi á veturna, en þar er smithætta vafalaust miklu meiri en í haga. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með að ala upp fjárstofna, sem hafa langan ættlægan meðgöngutíma riðu. Er þetta gert í von um, að féð hafi gert sitt gagn, áður en einkenni koma fram, þótt það sé sýkt. Augljóst er, að a.m.k. hluti af íslenska fjárstofninum hefur litið þol gegn riðu, þar sem einkenni koma oft fremur fljótt fram, 2-4 árum eftir smit, og afföll eru mikil. Einnig er þekkt hérlendis, að sum fjárkyn eða ættir hafa meira þol gegn veikinni, en þess ber og að gæta, að lengri meðgöngutími hefur í för með sér smithættu í lengri tíma. Er því afar vafasamt, að þessi aðferð sé nothæf hér á landi nema með því að flytja til landsins erlent fé með meira riðuþol. Slíkur aðflutningur á fé er mjög vafasamur, og þess ber að gæta, að fjöldi sjúkdóma, svo sem riða, mæðiveiki, garnaveiki, votamæði o.fl., sem hafa haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskan landbúnað, komu einmitt hingað með erlendu fé.

Vegna þessara atriða er ljóst, að eina raunhæfa aðgerðin í baráttunni gegn riðu á Íslandi er niðurskurður á öllum riðusýktum hjörðum.

Á bæ stefnanda, Flatatungu í Skagafirði, hafa komið upp þrjú riðutilfelli, sem staðfest hafa verið með vefjagreiningu að Keldum. Hið fyrsta var innfært að Keldum 27. október 1987, það næsta 10. nóvember 1987 og hið síðasta 24. febrúar 1988, en þeirri kind mun hafa verið slátrað í lok janúar. Allar kindurnar þrjár voru jafngamlar, tveggja vetra, og tvær

fyrstu undan sama hrútnum. Síðasta kindin hafði verið á húsi í nokkrar vikur veturinn 1987-1988, áður en henni var slátrað, en hinar ekki komið í hús þann vetur.

Líklegast er, að smitberi hafi leynst í stofninum að Flatatungu fyrsta veturinn, sem kindurnar þrjár voru á húsi, og þær smitast þá. Ólíklegra er, að þær hafi smitast næsta vetur, þar sem meðgöngutími riðu er sjaldan minni en ár. Hafa þessar þrjár sýktu kindur þá verið næsta vetur (1986-1987) á húsi og ein þeirra einnig nokkrar vikur veturinn 1987-1988, áður en henni var slátrað. Ljóst er, að á þessum tíma eru miklar líkur á, að kindurnar þrjár hafi sýkt út frá sér. Einnig kynni upphaflegi smitberinn að hafa sýkt mun fleira fé. Mörg dæmi eru um, að riðutilfelli hafi komið upp í hjörð og síðan legið niðri í mörg ár, jafnvel allt að því áratug, en sjúkdómurinn svo blossað upp á ný. Eru hverfandi líkur á, að hjörð stefnanda sé riðulaus, eins og hann heldur fram, heldur eru yfirgnæfandi líkur á, að þar sé enn riðusmit að finna, og getur veikin komið fram hvenær sem er á næstu árum.

Samkvæmt þessu þykir bera að leggja til grundvallar, að smit leynist í fé stefnanda. Vegna hins sérstaka eðlis sjúkdómsins þykir bera að telja, að orðið hafi verulegt tjón á búi hans, þótt allar afleiðingar séu enn ekki komnar fram, og að skilyrði 6. gr. reglugerðar nr. 556/1982 séu fyrir hendi.

Ákvörðun um niðurskurð og fjárleysi á einstökum bæ felur ekki í sér almenn fyrirmæli stjórnvalda, og þykir því verða að fallast á það með stefndu, að hin umdeilda ákvörðun sé ekki háð opinberri birtingu. Ekki hefur annað komið fram en stefnandi hafi fengið vitneskju um ákvörðun ráðherra fyrir tilverknað ráðuneytisins, en engar sérstakar reglur gilda um birtingu slíkra ákvarðana. Verður því ekki á það fallist, að ógilda beri ákvörðunina vegna ónógrar birtingar fyrir stefnanda.

Í málflutningsskjölum stefnanda er ekki á því byggt, að undirbúningi ákvörðunarinnar eða formi hennar hafi verið áfátt, og ekki er þar áskilnaður um nýjar málsástæður. Hins vegar kemur fram í sakargögnum, sem stefnandi lagði fram við þingfestingu, að hann hafði borið sig upp við umboðsmann Alþingis út af því, að ekki væri uppfyllt skilyrði 42. gr. laga nr. 23/1956 um rökstudda tillögu sauðfjársjúkdómanefndar. Í munnlegum málflutningi var því haldið fram af hálfu stefnanda, að ógilda bæri ákvörðun ráðherra, sökum þess að hún væri órökstudd og tekin á grundvelli órökstuddra tillagna sauðfjársjúkdómanefndar. Af hálfu hinna stefndu var þessum málsástæðum mótmælt aðallega sem of seint fram komnum, en því haldið fram til vara, að af hálfu nefndarinnar hefði komið fram nægur rökstuðningur, og að jafnvel þótt svo væri ekki, ætti formlegur skortur rökstuðnings ekki að leiða til ógildingar á ákvörðuninni.

Hvorki í lögum nr. 23/1956 né í reglugerðinni er mælt fyrir um, að

ákvörðun ráðherra skuli fylgja rökstuðningur. Af almennum heimildum stjórnsýsluréttar verður eigi heldur dregin sú ályktun, að ógilda beri ákvörðunina vegna skorts á rökstuðningi, enda er hin umdeilda ákvörðun raunar ekki án rökstuðnings.

Samkvæmt 88. gr. laga 85/1936 áttu allar málsástæður og lagarök, sem stefnandi hugðist bera fram, að koma fram við upphaf málsóknar. Sérstök ástæða var til, að stefnandi gerði ljóst, að hann byggði á því, að tillaga nefndarinnar hefði verið órökstudd, þar sem sú röksemd hafði verið borin fram við umboðsmann Alþingis.

Samkvæmt 42. gr. laga 23/1956 skal sauðfjársjúkdómanefnd rökstyðja tillögur sínar um niðurskurð. Ákvæði reglugerðarinnar verða ekki skilin svo, að þau heimili frávik frá þessari reglu. Eins og fram kemur í rökstuðningi dómsins hér að framan, lágu veigamikil rök til hinnar umdeildu ákvörðunar. Nokkur rökstuðningur kemur fram í tillögu nefndarinnar í bréfi til ráðuneytisins, dags. 11. október 1989, þar sem nefndin fer þess á leit, að ráðherra fyrirskipi niðurskurð sauðfjár í eigu og umráðum stefnanda, og í bréfi nefndarinnar til ráðuneytisins, dags. 7. september 1988, felast rökstudd meðmæli með því, að öllum hjörðum, þar sem riða hefur verið staðfest 1983 eða síðar, — þar með hjörð stefnanda, — verði fargað í síðasta lagi haustið 1989. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að ógilda beri ákvörðun ráðherra, sökum þess að hún sé byggð á ónógum rökstuðningi af hálfu meðstefnda.

Af framanskráðu leiðir, að hrinda ber kröfu stefnanda, en eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður J. Friðjónsdóttir, fulltrúi sýslumanns, dr. Arthur Löve dósent og Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari. Dómurinn er fjölskipaður samkvæmt heimild í 2. mgr. 37. gr. A laga 85/1936, sbr. 9. gr. laga 28/1981. Skilyrði 2. ml. 2. mgr. er fullnægt.

D ó m s o r ð:

Stefndu, landbúnaðarráðherra og sauðfjársjúkdómanefnd, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Gunnars Oddssonar.

Málskostnaður fellur niður.